

Skipulagsstofnun  
Inga Birna Ólafsdóttir,  
sérfræðingur  
Laugavegi 166  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. júlí 2016  
2016060019/42-8  
TB  
jgo/tb

### Svartárvirkjun allt að 9,8 MW, tillaga að matsáætlun

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 13. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun vegna Svartárvirkjunar. Vegna sumarfría hefur dregist að svara erindinu og er beðist velvirðingar á því.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda matsáætlun. Að mati stofnunarinnar er í áætluninni komið inn á og fjallað um vel flesta þætti í náttúru svæðisins sem almennt þarf að greina og meta í mati á umhverfisáhrifum virkjunar af þessu tagi. Þar sem hér er fyrst og fremst um áætlun að ræða er á þessu stigi ekki hægt að meta gæði þeirra gagna sem lögð verða til grundvallar við heildarmat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar að mati SSB Orku. Þ.e. annars vegar áhrif á einstakar tegundir plantna og dýra og áhrif á vistgerðir eða einstök búsvæði tiltekinnar tegunda og svo hins vegar heildaráhrif á vistkerfi Svartár og nágrennis vegna virkjunarinnar.

Það er ljóst að fyrir utan bein áhrif á gróður og landslag vegna byggingu mannvirkja er líklegast að áhrif, einnig varanleg áhrif, fyrirhugaðrar virkjunar verði mest á lífríki/vistkerfi árinna og þeirra tegunda sem í henni lifa og á þær tegundir sem nýta ána og „afurðir“ hennar, aðallega fuglar. Lítið sem ekkert er fjallað um húsendur í sjálfri matsáætluninni en í athugasemdum framkvæmdaraðila/Verkís við athugasemdir RAMÝ, sem bendir á nauðsyn þess að kanna mikilvægi Svartár fyrir húsendur, er lagt mat áhrif á húsendur og það ekki talið mikið og vísað í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands. Í matsáætluninni kemur fram að mikilvægi Svartár fyrir straumendur verður kannað betur og í fyrrgreindum athugasemdum er boðað að húsendur og aðrar endur verði taldar um leið og straumendur. Mikilvægt er að samræmi sé á milli gæði rannsókna og þeirra spurninga sem þarf að svara varðandi mikilvægi Svartár fyrir vatnafugla og hugsanleg áhrif þar á. Náttúrufræðistofnun bendir á að ekki er minnst á spendýr í matsáætlunin og aðeins á smádyr í tengslum við vatnalíf almennt.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

